



**VERKMENNTASKÓLI  
AUSTURLANDS**  
Samvinna - þekking - árangur

## Verklegt val í VA Haustönn 2025

Petra Lind Sigurðard.  
Aðstoðarskólameistari

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: [va@va.is](mailto:va@va.is)

Heimasíða: [www.va.is](http://www.va.is)

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



## Efnisyfirlit

Könnun á <i>Verklegu vali</i> í VA haustönn 2025 .....	1
10. bekkur.....	1
Í hvaða valgreinum varst þú? .....	1
Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið? .....	2
Getur þú nefnt einhverja kosti við verknámsvalið? .....	3
Getur þú nefnt einhverja ókosti við verknámsvalið .....	3
Eitthvað annað sem þú vilt bæta við? .....	4
9. bekkur.....	4
Í hvaða valgreinum varst þú? .....	4
Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið? .....	4
Getur þú nefnt einhverja kosti við verknámsvalið? .....	5
Getur þú nefnt einhverja ókosti við verknámsvalið .....	6
Eitthvað annað sem þú vilt bæta við? .....	6

## **Könnun á Verklegu vali í VA haustönn 2025**

Verkefnið *Verklegt val í VA* hófst haustið 2021 og hefur verið með svipuðu sniði síðan.

Nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar völdu sér tvær greinar sem þeir lögðu stund á eftir hádegi á fimmtudögum í alls sextán kennslustundir í hvorri grein eða í átta skipti. Greinarnar sem boðið var upp á í haust voru: Fab Lab, hársnyrtiiðn, húsasmíði, bílar- og vélar, rafvirkjun og málmsmíði (eingöngu í boði fyrir 10.bekkinga).

Nemendur í 9. bekk hófu leikinn og komu dagana 28. ágúst – 16. október, heildarfjöldi nemenda í 9 bekk voru 53 nemendur. Eftir að hópurnir hafði lokið við síðasta skiptið var send út könnun sem þau voru beðin um að svara.

Nemendur í 10. bekk komu síðan dagana 23. október – 18. desember, heildarfjöldi nemenda í 10. bekk voru 69 nemendur. Á síðasta deginum voru nemendur beðnir um að svara könnuninni.

Hér á eftir verður fjallað um niðurstöður könnunarinnar.

Könnunin samanstóð af sex spurningum, þremur valkostaspurningum og þremur opnum spurningum.

### **10. bekkur**

Alls bárust 32 svör frá nemendum í þessum hóp eða 46,3%.

#### *Í hvaða valgreinum varst þú?*


Flestir svarenda voru í hársnyrtiiðn (12), því næst voru þrjú jafnir hópar með 10 nemendum í hverjum hóp en það voru bílar- og vélar, rafvirkjun og húsasmíði. Tveir hópar voru með 7 nemendur, málmsmíði og Fab Lab.

### Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið?

Mynd 1 sýnir að mikil ánægja var meðal nemenda í 10. bekk með valið. 87,5% þeirra voru annað hvort mjög eða frekar ánægð. Engin nemandi svaraði því til að viðkomandi væri óánægður með verknámsvalið.

Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið?

32 svör




Mynd 1. Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið? – 10. bekkur.

Þegar nemendur voru spurðir hvaða áhrif þátttaka þeirra í verkefninu hafði á áhuga þeirra á verk- og tækninámi má sjá að hjá 45,2% nemenda var hann alveg eins og áður en hjá 45,2% nemenda jókst hann. 9,7% nemanda svöruðu því til að áhuginn á verk- og tækninámi hafi minnkað eftir þátttöku í verknámsvalinu.

Hvaða áhrif hafði þátttaka þín í verknámsvalinu á áhuga þinn á verk- og tækninámi?

31 svar



Mynd 2. Hvaða áhrif hafði þátttaka þín í verknámsvalinu á áhuga þinn á verk- og tækninámi? – 10. bekkur.

### *Getur þú nefnt einhverja kosti við verknámsvalið?*

Í þessari opnu spurningu nefndu nemendur ýmsa kosti. Þeir koma allir hér á eftir í eigin orðum nemenda. Eins og sjá má voru helstu kostirnir að prófa nýja hluti og kynnst öðruvísi námi og öðrum nemendum úr Fjarðabyggð..

*Kennarinn var mjög hjálpsamur í húsasmíði*

*Maður lærir margt og fær að hafa samskipti við aðra krakka í Fjarðabyggð*

*Gaman að prófa eitthvað nýtt sem ég hef ekki prófað áður*

*Það var mjög gaman, ég lærði allskonar nýtt*

*Ég lærði að gera nokkrar nýjar hárgreiðslur*

*Skemmtilegur félagsskapur*

*Kynnast hlutum sem hægt er að læra og sjá hvað þú hefur áhuga á*

*Mjög gaman að læra nýtt og kynnst VA*

*Læra að geta unnið með höndunum*

*Mér fannst mjög gaman að fá að vera skapandi, sérstaklega í fablab*

### *Getur þú nefnt einhverja ókosti við verknámsvalið*

Nemendur voru einnig beðnir um að nefna einhverja ókosti við verknámsvalið. Hér má sjá þau svör í eigin orðum nemenda. Þó nokkrir nemendur nefna að dagarnir voru dálítið langir. Valið var til 15:30 og eftir það tók við heimferð sem var mislög fyrir nemendur.

*Tímarnir eru alltof langir*

*Ekki nógu mörg verkefni*

*Mér fannst þetta of seint á daginn. Væri til í að þetta myndi byrja fyrr því skóladagurinn verður mjög langur á þessum dögum.*

*Mér fannst tímarnir vera allt of langir. Ættum kannski að vera til kl. 3*

*Það var stundum erfitt*

*Nei, eiginlega ekki*

*Ekki svo vel skipulagt*

*Ekki neitt*

*Eitthvað annað sem þú vilt bæta við?*

Í lokin var opin spurning þar sem nemendum gafst tækifæri á að bæta einhverju við. Fæstir gerðu það en einhverjir tóku fram að kennararnir hefðu verið skemmtilegir.

## **9. bekkur**

Alls komu 24 svör frá nemendum í þessum hóp eða 45,2%.

*Í hvaða valgreinum varst þú?*


Flestir svarenda voru í Fab Lab (14), því næst rafvirkjun (11). Í tveimur hópum var jafn fjöldi nemenda en það voru bílar og vélar (7) og hársnyrtiiðn (7). Fámennasti hópurinn var í húsasmíði (5).

*Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið?*

Mynd 3 sýnir að töluverð ánægja var meðal nemenda í 9. bekk með valið. 95,8% þeirra voru annað hvort mjög eða frekar ánægð. Einn nemandi svaraði því til að hann væri „bæði og“ ánægður með verknámsvalið (4,2%).

Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið?

24 svör




Mynd 3. Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið? – 9. bekkur.

Þegar nemendur voru spurðir hvaða áhrif þátttaka þeirra í verkefninu hafði á áhuga þeirra á verk- og tækninámi má sjá að hjá 66,7% nemenda varð hann meiri og hjá 33,3% var hann alveg eins og áður. Engin nemandi taldi áhugann á verk- og tækninámi hafa minnkað með þátttöku í verknámsvalinu.

Hvaða áhrif hafði þátttaka þín í verknámsvalinu á áhuga þinn á verk- og tækninámi?

24 svör



Mynd 4. Hvaða áhrif hafði þátttaka þín í verknámsvalinu á áhugaþinn á verk- og tækninámi? – 9. bekkur.

*Getur þú nefnt einhverja kosti við verknámsvalið?*

Í þessari opnu spurningu nefndu nemendur ýmsa kosti. Þeir koma allir hér á eftir í eigin orðum nemenda. Helstu kostirnir voru að þeim fannst skemmtilegt, lærðu eitthvað nýtt og spennandi og að verkvitið hafi aðeins hjálpað til við að vita hvað þau vilji gera í framhaldsskóla.

*Gaman*

*Mér fannst ég læra margt og þetta hjálpaði mér aðeins um hvað ég myndi vilja gera í framhaldsskóla*

*Lærði að gera í hár, lærði smá að forrita*

*Í hári og fablab lærði ég svo mikið sem ég kunni og get nýtt mér í framtíðinni*

*Það var gaman og ég hef mikinn áhuga á þessu*

*Það var gaman*

*Í Fab Lab gat ég lært að setja límmiða á föt og hanna í töflum*

*Í hársnyrtiiðn gat ég lært nýjar hárgreiðslur sem ég get sett í mig og þau í kringum mig*

*Það var mjög gaman í fablab en rafvirkjunin var þínu flókin en skemmtileg að leysa*

*Að fara í rútu og fara eitthvert og prófa nýja hluti*

*Bílar og vélar er svo skemmtilegt*

*Fab Lab var skemmtilegt*

*Lærir hvernig á að framkvæma en þarft ekki að hugsa það bara*

*Mér líkað við það að í Fab Lab hafi allt verið skráð niður í bækur um forritið*

*Getur þú nefnt einhverja ókosti við verknámsvalið*

Nemendur voru einnig beðnir um að nefna einhverja ókosti við verknámsvalið. Hér má sjá þau svör í eigin orðum nemenda.

*Nei*

*Stundum leiðinlegir kennarar eða nemendur*

*Ekkert*

*Það voru engir ókostir samkvæmt mínu mati*

*Það voru margir í einu og þá er ekki hægt að vinna vel*

*Nei eiginlega ekki*

*Fab Lab var alltof einfalt og ekki mikið í gangi. Stundum var rafvirkjun alltof erfið til að skilja hana en kennararnir góðir á báðum stöðum*

*Rafmagnsfræði er ekki skemmtileg*

*Eitthvað annað sem þú vilt bæta við?*

Í lokin var opin spurning þar sem nemendum gafst tækifæri á að bæta einhverju við en þar komu engar athugasemdir frá nemendum 9. bekkjar aðrar en að þeim hafi líkað við leiðbeinendurnar og að það hafi verið gaman.